

3. kafli

Aðgerðir

Efnisyfirlit kaflans

Aðgerðir	269
<i>Þörfin á aðgerðastefnu</i>	269
<i>Aðgerðastefna – nokkur einföld skref</i>	270
Að fylgjast með; vera með á nóttunum	270
Vekið athygli á málunum	272
Vinnið með öðrum samtökum	273
Að ná árangri!	275
<i>Undirbúningur aðgerðaáætlunar</i>	276
Hvar standið þið?	276
Hvaða árangri viljið þið ná?	277
Hvernig komumst við þangað?	278

Aðgerðir

Pörfin á aðgerðastefnu

Kennsla um mannréttindi snýst að verulegu leyti um það að skapa virðingu fyrir mannréttindum. En hún snýst um fleira, því að hversu mikils sem við eða félagar okkar og vinir virðum mannréttindi, þá lifum við í heimi þar sem mannréttindi eru brotin allt í kringum okkur. Því miður getum við ekki stöðvað þessi brot með fræðslu einni saman – að minnsta kosti ekki þegar til skamms tíma er litið.

Ungt fólk sér þetta líka, og þetta getur jafnvel stundum haft áhrif á fræðslustarfið. Hvað er svo sem fengið með því að þekkja Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna ef enginn skeytir um hana í raun og veru? Hvað gagnast það að átta sig á að brot séu framin – ef við getum ekkert gert til að stöðva þau? Og til hvers er að finna til með fórnarlömbunum – ef það eykur bara á þjáninguna sem þessi brot valda?

Mikilvægt er að hvetja ungt fólk til að berjast gegn mannréttindabrotum, en ekki einungis vegna þess að þannig er í raun hægt að breyta heiminum. Það er líka mikilvægt vegna þess að ungt fólk vill sjá slíkar breytingar. Það getur örvað unga fólk til dáða að sjá að aðgerðir þess geta breytt einhverju; og þannig sér það mannréttindi í verki, með þeim hætti sem ekkert verkefni eða fyrirlestur getur sýnt.

Hvaða aðferðir getum við notað?

Annar hluti þessa kafla er helgaður þeim raunhæfu leiðum sem leiðbeinandi getur farið með hópnum. Að loknum þessum inngangi er fjallað um nokkur einföld skref í aðgerðastefnu: nokkrar einfaldar aðferðir sem beita má til að koma öflugum boðskap á framfæri. Fjallað er um þær í fjórum undirköflum:

1. Öflun upplýsinga
2. Kynning málefna
3. Samstarf við mannréttindasamtök
4. Að ná árangri!

Þessi flokkun aðgerða á að vera til einföldunar en ekki þarf að fylgja henni skref fyrir skref. Þó verða þátttakendur virkari eftir því sem lengra dregur. Flokkunina ætti ekki að taka of bókstaflega því að margar þeirra aðgerða sem lagðar eru til geta í raun fallið undir fleiri en einn flokk. Mikilvægast er að aðferðirnar eru ekki háðar hver annarri og þarfnast ekki verulegs undirbúnings.

Tillögurnar um aðgerðir eru í sjálfu sér ekki róttækar og það er mjög líklegt að þátttakendur hafi beitt mörgum þeirra nú þegar – útbúið veggspjöld, rætt um deilumál, skipulagt menningarviðburði, átt fundi með ýmsum samtökum, skrifað bréf o.s.frv., en slíkar, að því er virðist einfaldar, aðferðir nota einmitt virkir aðgerðasinnar, og þær eru árangursríkar.

Í rauninni duga næstum hvaða aðferðir sem er! Það sem ræður úrslitum um að vinna þátttakenda í hópnum geti talist virkar aðferðir er markmiðin sem þeir setja sér og að hve miklu leyti vinnan skilar sér út í samfélagið.

„Það sem þú gerir kann að virðast ósköp smávægilegt en það er afar mikilvægt að þú gerir það samt.“

Mahatma Gandhi

„Sá sem samþykkir hið illa án þess að mótmæla því vinnur í rauninni að framgangi þess.“

Martin Luther King

„Ef þú hrópar „áfram“ verður þú alltaf að vita í hvaða átt skal halda. Sérðu ekki að ef þú gerir það ekki, og hvetur bæði munk og byltingarmann með þessu orði fara þeir í alveg gagnstæðar áttir?“

Anton Tsjekov

Undirbúningur

Þriðji hluti kaflans snýst um góðan undirbúning sem vissulega er grundvallaratriði, allt sem gert er krefst auðvitað rækilegs undirbúnings. Þessi kafli er þó ekki hafður hér til að hjálpa þátttakendum við einstök verkefni heldur frekar til að þróa markvissari stefnu í aðgerðum, þegar þeir hafa öðlast dýpri skilning á málefnum. Ef og þegar hópurnir virðist tilbúinn til að taka upp skipulegri aðferðir getur ef til vill verið gagnlegt að líta á undirbúningsæfingarnar og fara í gegnum eitthvað af þeim. Æfingarnar hjálpa hópnum að skilgreina betur og setja fram markmiðin sem hann hyggst ná, og því betur sem hann er fær um þetta, þeim mun líklegra er að góður árangur náist.

Leyfa ætti hópnum að koma fram með eigin tillögur. Þá er líklegra að hugmyndirnar samræmist betur færni þátttakendanna sjálfra og um leið líklegra að þær skili meiri árangri.

Aðgerðastefna – nokkur einföld skref

Að fylgjast með; vera með á nóttunum

Enginn getur gert neitt nema vita hvað er að gerast. Eitt mikilvægasta atriðið í aðgerðastefnu er að afla sér upplýsinga og það getur kveikt hugmyndir um ýmislegt sem er hægt að gera. En ekki má líta á upplýsingaleitina sem kvöð eða óspennandi viðfangsefni: upplýsingar eru allt í kringum okkur og við verðum að vera opin fyrir því að notfæra okkur alls konar gögn.

Að fylgjast með því sem er að gerast í næsta nágrenni

- Leitid að fréttum um mannréttindabrot í dagblöðum.
- Hafið samband við fólk sem kemur við sögu í þeim greinum sem vekja mestan áhuga hjá ykkur eða þið hafið mestar áhyggjur af: er einhver þegar farinn að gera eitthvað?
- Límið myndir sem tengjast ólíkum málum á veggspjald og tengið saman þau mál sem snúast um sömu réttindi; fylgist svo með þróun þeirra.
- Ræðið innan hópsins um leiðir til að reyna að leysa málin.
- Talið við fólk í minnihlutahópum eða fatlaða og fáið að vita hvað þeim finnst.



Hvað er að gerast? Hvar?

Hvernig er ástandið hér á landi samanborið við önnur lönd?

- Kannid hvaða alþjóðlega samninga stjórnvöld í landinu hafa undirritað og hvað þessir samningar innihalda.
- Kannid hvort frjáls félagasamtök (til dæmis Amnesty International, International Federation of Human Rights Leagues eða Human Rights Watch) hafa einhverjar áhyggjur af ástandi mála í landi ykkar núna.
- Kannid hvernig yfirvöld hafa brugðist við.
- Kannid hvaða frjálsu félagasamtök berjast gegn mannréttindabrotum hér á landi.

Kannid hvað er að gerast í heiminum

- Finnid út hvaða mannréttindamál það eru sem þið hafið mestar áhyggjur af og kannid hvar í heiminum ástandið er verst.

- Merkið brotin á þessum réttindum inn á heimskort.
- Takið fyrir tiltekið land eða landssvæði (ekki ykkar eigið) og lítið á meginorsakir mannréttindabrota á þessu svæði.
- Komist að því hvaða samtök hafa brugðist við þessu og hafið samband við þau til að fá meiri upplýsingar.
- Skoðið vefsvæði eða útgáfurit alþjóðlegra félagasamtaka og milliríkjastofnana (Evrópuráðsins, Sameinuðu þjóðanna, Þróunaráætlunar SP, Flóttamannastofnunar SP o.s.frv.).

Aðgerðir

Dæmi: Gerið skoðanakönnun í næsta nágrenni ykkar.

Skoðanakönnun getur verið góð aðferð til að komast í samband við fólk í næsta nágrenni ef skipuleggja á virkar aðgerðir.

Kanna má jarðveginn með því að sjá hvernig fólk bregst við tilteknum málum og þannig má sjá hvaða aðgerðir eru brýnastar og hverjum raunhæft er að hrinda í framkvæmd. Viðræður við fólk í næsta nágrenni eru einnig góð leið til að kynna starfið sem hugsanlega er að fara í gang, upplýsa aðra og hvetja fólk til stuðnings. Hvers kyns kannanir er einnig hægt að tengja raunhæfari aðgerðum.



Hversu vel þekkið þið viðhorf fólks í næsta nágrenni?

Hverja getum við spurt?

Hægt er að gera könnun...

- meðal fólks sem þið þekkið – vina ykkar og fjölskyldu,
- í skólanum – meðal nemenda eða kennara (eða hvort tveggja),
- úti á götu,
- meðal minnihlutahópa eða annarra hópa sem eiga erfitt uppdráttar,
- meðal annarra æskulýðshópa,
- í fyrirtækjum,
- með því að setja eyðublöð í pósthólf (og koma aftur síðar til að sækja þau).

Hvað getum við kannað?

Þið gætuð tekið fyrir einhver af eftirfarandi sviðum í könnuninni. Skoðið verkefnið „Að kjósa eða sitja hjá“ á bls. 238 til að kynna ykkur nánar hvernig skoðanakönnun er gerð.

- Kynnið ykkur hvað annað fólk veit um mannréttindi:
Veit það um réttindi sín ef það kemst í kast við lögin?
Veit það af jafnréttislöggjöfinni?
Veit það t.d. af einhverri tiltekinni löggjöf sem er í undirbúningi?
Veit það til hvaða ráða má grípa ef brotið er á rétti þess?
- Kynnið ykkur hvað því finnst mikilvægt:
Hvaða réttindamál finnst því mikilvægust í daglegu lífi?
Hvar heldur það að alvarlegustu brotin eigi sér stað?
Hefur það t.d. áhyggjur af tilteknu málefni eða broti?
Hefur það einhvern tíma brugðist við vegna einhvers máls?
- Kannið hvort fólk er reiðubúið að grípa til aðgerða vegna máls sem það ber fyrir brjósti:

Myndi það gera eitthvað til að láta í ljósi óánægju sína?

Væri það tilbúið að taka þátt í útifundi?

Væri það til í að skrifa sig á undirskriftalista um...?

Væri það til í að skrifa (eða undirrita) bréf til fulltrúa stjórnvalda?



Hvaða mál eru ykkur efst í huga? Væruð þið til í að gera eitthvað í þeim málum?

Vekið athygli á málunum

Öll umfjöllun er góð.

Aðgerðastefna virkar, yfirleitt, með afli fjöldans. Stjórnámálamenn alls staðar í heiminum verða að taka tillit til fjöldans – því að enginn einn einstaklingur er öflugri en fjöldi manns. Því fleira fólk sem þið fáið til að styðja málstað ykkar, þeim mun meiri líkur eru þess vegna á að ná góðum árangri.

En fólk á annríkt og er ekki alltaf tilbúið að fórna tíma og orku fyrir málstað sem ekki virðist snerta hagsmuni þess beint. Því þurfið þið kannski umfram allt að *upplýsa það og vekja hjá því áhuga*; og finna leiðir til að gera það þannig að eftir sé tekið. Komið fólki til að hlæja, látið það nema staðar og stara – og reynið jafnvel að hneyksla það. Þið viljið láta taka eftir ykkur!

- Útbúið eitt eða fleiri veggspjöld til að vekja athygli á tilteknu máli. Setjið upp sýningu og bjóðið vinum og fjölskyldu að koma og sjá.
- Útbúið vefsvæði til að kynna þau verkefni sem hópurinn vinnur að á sviði mannréttinda.
- Setjið upp spjallhóp á Netinu – og segið vinum ykkar frá honum. Reynið að fá fólk frá ýmsum löndum til að vera með.
- Búið til myndband eða setjið upp leiksýningu um eitthvert efni sem tengist mannréttindum (sjá verkefnið „Sýndu það!“ á bls. 86).
- Semjið söngtexta, söngleik eða leikrit og flytjið það!
- Haldið opinberan umræðufund um mannréttindamál sem er ofarlega á baugi. Bjóðið vinum ykkar að koma.
- Útbúið upplýsingapésa þar sem vakin er athygli á mannréttindamáli; afhendið þá úti á götu eða setjið í póstkassa.
- Skrifnið grein í dagblað, bæjar- eða héraðsblaðið.
- Takið sjálf þátt í mannréttindafræðslu! Hafið samband við aðra æskulýðshópa eða skóla og kannið hvort þeir vilja fá ykkur til að tala um starf ykkar.

Aðgerðir

Dæmi: Reynið að vekja áhuga fjölmiðla



Mun viðburðurinn sem þið eruð að skipuleggja vekja áhuga annars fólks? Hvernig getið þið fengið það til að lesa um hann?

Ef þið eruð að undirbúa viðburð skuluð þið reyna að nota bæði dagblöð, útvarp og sjónvarp til að kynna aðgerðirnar. Best er hafa kynningarnar alltaf skriflegar því að það sparar fréttamönnum tíma. Meiri líkur eru á að þeir noti efnið frá ykkur ef þeir hafa það á blaði fyrir

framan sig en ef þeir verða að koma og taka viðtal við ykkur. Þá er einnig líklegra að rétt verði farið með staðreyndir.

Munið:

- Verið stuttur og gagnorð, forðist slangur og skammstafanir.
- Skrifið stutta og hnitmiðaða fyrirsögn.
- Aðalatriðin ættu að koma fram í fyrstu efnisgreininni: hver, hvað, hvenær, hvar og hvers vegna.
- Í annarri efnisgreininni útskýrið þið nánar hvað þið ætlið að gera.
- Viðbótarupplýsingar geta verið í þriðju efnisgreininni.
- Gætið þess að setja „nánari upplýsingar gefur...“ í lok fréttatilkynningarinnar.
- Hafið textann bara öðru megin á blaðinu og notið tvöfalt línubil.

„Fyrir mig er það mannréttindafraeðsla þegar ég vinn með ungum hommum og lesbíum, ræði við þau um líf þeirra, um tilfinningar þeirra, spurningar um hvað telst eðlilegt.“

Martin Krajcik, sjálfboðaliði, þátttakandi í Forum on Human Rights Education.

Vinnið með öðrum samtökum

Kannið hvaða frjáls félagasamtök starfa í landi ykkar (eða landshluta)

- Þið ættuð að geta komist að því með því að fá lista yfir frjáls félagasamtök sem eru skráð hjá sveitarfélaginu eða hjá viðkomandi ráðuneyti. Prófið að leita á Netinu eða fara á bókasafnið. Ef þið vitið af einhverjum samtökum sem starfa á svæðinu gætu þau bent ykkur á önnur samtök.
- Gleymið ekki að athuga hvaða alþjóðlegu samtök starfa hér á landi eða hafa sérstakan áhuga á landinu.
- Munið að kynna ykkur einnig samtök sem kalla sig ekki endilega „mannréttindasamtök“. Notið víða skilgreiningu á mannréttindum og hafið með hópá sem ef til vill starfa með fötluðum, aðstoða fátækar fjölskyldur, hjálpa þolendum heimilisofbeldis eða láta umhverfismál til sín taka.

Kannið hvort þið getið farið og talað við einhverja í þessum samtökum og fengið að kynnast starfi þeirra eða bjóðið þeim að koma og tala við hópinn.

- Gerið yfirlit um frjálsu félagasamtökin í ykkar landshluta: skráið réttindin sem þau beita sér fyrir, aðferðirnar sem þau nota, svæðið sem þau starfa á og fjölda starfsmanna og sjálfboðaliða.

Samtök	Fjöldi starfsmanna (sjálfboðaliða)	Tegund réttinda	Aðferðir	Starfssvæði	Þurfa sjálfboðaliða í . . .
„Greenia“	5 (6)	Umhverfismál	Herferðir, fræðsla	Staðbundin	Fjöldamótmæli
Amnesty International	2 (12)	Borgaraleg og pólitísk	Hagsmunagæsla, herferðir, bréf	Alþjóðleg	Bréfaskrifir
„Konur eiga rétt!“	10 (8)	Kvenréttindi	Fræðsla, kvennaathvörf	Landssamtök	Dreifingu kynningarpása

Bjóðist til að starfa fyrir samtök á svæðinu

Mörg samtök eru með hóp sjálfboðaliða og gætu leiðbeint ykkur gegn því að þið ynnuð eitt-hvert sjálfboðaliðastarf. Ungt fólk fær þannig tækifæri til að vinna með fólki sem kann til verka á þessu sviði og öðlast góða reynslu og um leið innsýn í „þriðja geirann“.

Hafið þó í huga að sum samtök fara varlega á að taka við nýjum sjálfboðaliðum, að minnsta kosti þegar fyrst er leitað eftir því, þar sem það getur tafið fasta starfsmenn. Áður en komið er að máli við þau ættuð þið því sem væntanlegir sjálfboðaliðar að velta eftirfarandi vandlega fyrir ykkur:

„Amnesty gefur okkur innblástur. Tónlistin nær eyrum fólks og boðskapurinn er skýr: þú getur skrifað bréf eða sent póstkort. Og því meira sem þú gefur, þeim mun meira færðu að launum.”

Bono í U2

- Hafið þið tíma aflögu til sjálfboðastarfa?
- Hversu mikið getið þið beitt ykkur í starfinu? Getið þið tryggt samtökunum að þið verðið góðir sjálfboðaliðar?
- Hvaða færni búið þið yfir? Hvað getið þið boðið samtökum eins og þessum?
- Hvað gera samtökin? Hafið þið áhuga á málefnum?
- Hvað viljið þið fá út úr þessu? Hafið þið rætt þetta við samtökin?

Gangið í mannréttindahóp í næsta nágrenni eða stofnið ykkar eigin

Amnesty International eru félagasamtök sem treysta á vinnu þúsunda sjálfboðaliða um allan heim. Einhverjir í hópnum ykkar hafa kannski áhuga á að ganga í samtökin, eða þið viljið kannski stofna sérstakan starfshóp. Þið gætuð þá fengið efni og stuðning frá samtökunum og launað þeim með aðstoð ykkar við herferðir þeirra og aðrar aðgerðir.

Hafið samband við Íslandsdeild Amnesty International til að fá nánari upplýsingar. Eða hafið samband við alþjóðaskrifstofuna, 1 Easton Street, London, WC1X , UK; eða farið á vefsvæðið: www.amnesty.org.uk

International Federation of Human Rights Leagues (FIDH) voru fyrstu alþjóðlegu mannréttindasamtökin (stofnuð 1922) og tilgangur þeirra er að stuðla að framgangi allra þeirra mannréttinda sem skilgreind eru í Mannréttindayfirlýsingu og öðrum alþjóðasamningum um vernd mannréttinda. Að samtökunum standa 105 félög í 86 löndum. Þau beita sér aðallega fyrir samstarfi og þekkingarmiðlun og gefa út áreiðanlegar skýrslur um brot í mörgum löndum.

Þið getið byrjað á því að gá hvort eitthvert mannréttindafélag hér á landi sé aðili að FIDH og beðið um efni eða upplýsingar sem snerta landið sérstaklega. Á www.fidh.org getið þið séð pósthöfund og aðrar upplýsingar um landsfélög og skoðað útgefna skýrslur.

Fjáröflun fyrir félagasamtök

Ein leið til að aðstoða mannréttindasamtök – sem þau slá líklega ekki hendinni á móti! – er að bjóða þeim að safna fé til starfseminnar. Áður en þið byrjið að skipuleggja fjáröflun ættuð þið að hafa samband við samtökin og tryggja að þau viti hvað þið ætlið að gera og hvernig þið ætlið að fara að því. Fáid ráðleggingar hjá þeim. Sum samtök eru með strangar reglur um fjáröflun og taka hugsanlega ekki við fé sem hefur verið aflað á tiltekinn hátt.

Veltið því fyrir ykkur hvað hópurnir er fær um að gera og hvernig best er að standa að fjáröfluninni. Varpit á milli ykkar hugmyndum og spyrjið aðra í hópnum hvað þeim líst best á að gera.

? Gætuð þið notað þessar aðferðir til að afla fjár fyrir aðgerðir ykkar eigin hóps?

- Halda einhvers konar keppni með styrktaraðilum (hlaup, sund o.s.frv.).
- Búa til og selja ykkar eigin vörur eða hluti.
- Halda diskótek eða einhvern menningarviðburð og selja aðgang.
- Halda flóamarkað, selja notað dót í Kolaportinu o.s.frv.
- Safna peningum með því að biðja fólk að gefa til góðgerðarmála.
- Halda tombólu.
- Biðja góðgerðarsamtök að fá að vera með í fjársöfnun þeirra.

Að ná árangri!

Í þessum kafla er fjallað um ýmsar aðgerðir sem hafa tiltekin markmið, og yfirleitt er búist við að skili árangri strax. Þetta eru fyrst og fremst átök sem fara fram einu sinni og þess vegna þarf að vanda sérlega vel til alls undirbúnings með hópnum. Aðgerð sem ber ekki tilætlaðan árangur getur valdið miklum vonbrigðum og dregið úr áhuga svo að tryggja þarf að hvert skref sé vandlega undirbúið fyrir fram. Í kaflanum „Gott skipulag“ eru leiðbeiningar um hvernig gera skal aðgerðaáætlun.

Oft reynist skynsamlegt að tengja aðgerðir einhvers konar kynningu, því að það er líklegt til að auka mátt þeirra.

Dæmi:

- Haldið útfund – til að beina athyglinni að mannréttindamálum. Fólk hefur ef til vill áhyggjur af tilteknum nýjum lögum, áformum um að byggja verksmiðju á viðkvæmum stað, óheiðarlegum viðskiptum þekktis fyrirtækis, brotum á réttindum einhvers minnihlutahóps, ákvörðun bæjarstjórnar um að rífa opinbera byggingu – o.s.frv. Veltið fyrir ykkur hvernig þið getið komið boðskapnum til skila og hver markhópurinn er.
- Undirbúið „pallborðsumræður“. Ein leiðin til að koma á breytingum er að tryggja að annað fólk hlusti á það sem maður segir. Hægt er að halda pallborðsfund með áhrifafólki, svo sem bæjarfulltrúum, skólastjórum og forystumönnum í bæjarmálum, sem svarar spurningum unga fólksins. Ákveðið hverjum þið viljið bjóða sem fulltrúum ráðamanna og skrifið þeim boðsbréf. Komið ykkur saman um hverjir eigi að vera fulltrúar unga fólksins og útbúið í sameiningu lista yfir spurningar sem þið viljið að verði bornar upp.
- Gerið umbætur á umhverfi ykkar. Veltið því fyrir ykkur hvernig þið viljið hafa umhverfi ykkar og hvernig þið getið lagt ykkar af mörkum til þess. Það má byrja á að þrifa almenningssvæði, planta trjám og blómum og hreinsa skurði og tjarnir. Þannig næst ágætur árangur með litlum tilkostnaði. En þið kunið að hafa háleitari markmið: veltið því fyrir ykkur að fá aðra með ykkur í verkefnið eða að leggja tillögur ykkar fyrir stjórn sveitarfélagsins.
- Bjóðið hópum eða einstaklingum sem eru hjálparþurfi aðstoð ykkar – þetta getur verið aðstoð við aldraða, fatlaða, tekjulitla hópa, minnihlutahópa o.s.frv. Þið viljið kannski safna peningum í ákveðnum tilgangi, hjálpa til við að útvega fatnað eða aðrar nauðsynjar, hjálpa fólkinu að efla hópinn út á við; hjálpa til við hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum eða einfaldlega bjóða félagsskap og hvatningu.
- Skrifið bréf – til opinberra stjórnvalda, til þingmanna ykkar, forsætisráðherra, viðskiptageirans, fjölmiðla eða annarra sem málið varðar, þar sem þið lýsið afstöðu ykkar í tilteknu mannréttindamáli. Þetta er sú aðferð sem Amnesty International heldur mest upp á og er árangursrík leið til að fá ráðamenn til að átta sig á að almenningur láti sig tiltekið mál varða.
 - Gætið þess að viðtakandi bréfsins sé ávarpaður með réttum hætti.
 - Byrjið á aðalerindi ykkar.
 - Gerið grein fyrir hver þið eruð og fyrir hverja þið vinnið.
 - Bendið á hver ábyrgð viðtakandans er.
 - Tilgreinið í mesta lagi þrjú atriði og styðjið þau öll skýrum rökum.
 - Endurtakið erindið í lok bréfsins.
 - Segið hvað þið viljið að viðtakandinn geri í málinu.

„Ekki bíða eftir forystumönnum; gerið það ein, maður á mann.“
Móðir Teresa

„Hamingjan veltur á því að vera frjáls, og frelsið veltur á því að vera hugrakkur.“

Búkýdides

„Chi Wen Tze hugsaði sig alltaf þrisvar um áður en hann hófst handa. Tvisvar hefði verið nóg.“

Konfúsíus

Undirbúningur aðgerðaáætlunar

Gott skipulag er yfirleitt forsenda vel heppnaðra aðgerða. Það merkir ekki að byrja þurfi á því að gera fullkomna heildaráætlun – svo framarlega sem markmiðin eru skýr er hægt að prófa allar tillögurnar í þessum kafla með tiltölulega litlum undirbúningi. Hvað sem því líður er gott fyrir hópinn að halda undirbúningsfund til að átta sig á því hvað hann vill gera og getur gert, og hvaða leið sé best til að ná árangri. Ef markmiðin eru háleit er þetta skynsamleg leið því að aðgerð sem ekki ber viðunandi árangur getur dregið kjark úr mönnum. Tryggja þarf að fyrsta verk hópsins skili árangri.

Prófið að fylgja eftirfarandi ráðleggingum:

1. Finnið út hvar þið standið: gerið SVÓT-greiningu (styrkur, veikleiki, ógnir, takmarkanir) á hópnum.
2. Skilgreinið vandamálið og hvaða árangri þið viljið ná.
3. Íhugið bestu leiðina til að leysa vandamálið, miðað við mannafla og úrræði hópsins.
4. HEFJIST HANDA!

Hvar standið þið?

SVÓT-greining gagnast vel við að draga fram einkenni hópsins og átta sig á ytri aðstæðum sem gætu ráðið einhverju um starfið.

„Raunveruleg þekking er að vita hve lítið maður veit.“

Konfúsíus

SVÓT-greining (dæmi)

Hver er styrkur hópsins?

- Hann er stór!
- Við höfum tíma – og við höfum áhuga á að gera eitthvað
- Pabbi Möggu er stjórnámaður
- Við höfum stað til að hittast á í miðbænum
- Guðrún er góður ræðumaður
- Bjóssi er með tölvu

Hvaða ytri aðstæður geta ógnað aðgerðum okkar?

- Efnahagsástandið er ótryggt
- Sum okkar eru að fara í próf bráðlega
- Bæjarráð hótar að banna útifundi
- Margir óttast að flóttamenn taki vinnu frá heimamönnum
- Það er of kalt til að halda útifundi

Hvar liggur veikleiki hópsins?

- Of margir foringjar!
- Við eigum ekki neina peninga
- Mjög fáar stelpur
- Við höfum aldrei gert neitt svona áður
- Sum okkar eiga heima langt frá miðbænum
- Við vinnum ekki alltaf vel sem hópur

Hvaða tækifæri er að finna utan hópsins?

- Það hefur heilmikið verið fjallað um mannréttindi í fréttunum
- Bráðum verða kosningar
- Hægt er að fá einhverja styrki til verkefna sem snúast um aðstoð við flóttamenn
- Amnesty International-hópur er starfandi í nágrenninu
- Hér er nýtt samkomuhús þar sem setja mætti upp leiksýningu

Skammstöfunin SVÓT tákna:

Styrk: það sem hópurinn er góður í

Veikleika: það sem hópurinn er ekki eins góður í

Ógnanir: ýmsar ytri aðstæður sem gætu hindrað hópinn í því sem hann vill reyna að gera

Tækifæri: möguleika utan hópsins sem hann gæti notfært sér

Leiðbeinandinn ætti að skipta hópnum í fjóra smærri vinnuhópa og fá þeim það verkefni að greina styrk hópsins, veikleika, ógnir og tækifæri. Síðan lætur hann allan hópinn koma saman aftur til að sjá hvort þátttakendur eru sáttir við greiningu hinna.

Taflan hér að framan er dæmi um greiningu og getur gefið þátttakendum hugmyndir. En þeir ættu ekki að binda sig við hana! Þessi hópur er einstakur og hefur annars konar styrk (og veikleika), sem hann þarf að finna sjálfur.

Hvaða árangri viljið þið ná?

Hvaða mál viljið þið fjalla um? Eru einhver augljós og aðkallandi mál sem þið viljið taka á eða eiga þetta að vera almenn mótæmi gegn mannréttindabrotum?

Íhugunarefni

Ef hópurinn hefur þegar tekið fyrir einhver af verkefnum í þessari bók er hann ef til vill kominn með margar hugmyndir. Ef starfið er rétt að hefjast mætti sýna þátttakendum eftirfarandi tillögur (eða eigin tillögur leiðbeinanda). Það mætti gefa þeim einhverjar upplýsingar um hvert málefni og segja þeim síðan að leita upplýsinga sjálfir. Síðan koma allir saman og ákveða hvaða mál skuli hafa forgang.

Dæmi um lista yfir málefni:

- Dauðarefsing
- Alnæmi í Afríku
- Kjarnorkuver í niðurníðslu
- Neikvæð viðhorf til flóttamanna
- Barnavinna
- Frelsi fjölmiðla í öðru landi/hérlendis
- Réttur minnihlutahópa til menntunar á sínu eigin tungumáli
- Heimilisofbeldi

? Hvaða hópar hér á landi verða fyrir alvarlegustu mannréttindabrotunum?

Ef hópurinn er tilbúinn og einhver af málefnum hafa þegar verið skoðuð ítarlega mætti byrja á hugarflugi um áhyggjuefni þátttakenda og skrá þau niður. Hvaða mál valda þátttakendum mestum áhyggjum?

Er hægt að þrengja listann niður í þrjú til fjögur vandamál – ef til vill þau sem þykja alvarlegust, og raunsætt er að hópurinn taki fyrir? Þið getið þurft að ræða valið fram og aftur en ef hópnum finnst erfitt að komast að samkomulagi gætuð þið valið endanlega með atkvæðagreiðslu. Hver þátttakandi fær þá þrjú atkvæði sem hann getur notað að vild: hann getur greitt einu máli þrjú atkvæði, þremur málum eitt atkvæði eða tveimur málum eitt og tvö atkvæði. Síðan er fundið út hvaða málefni fær flest atkvæði.

„Hvað það er dásamlegt að enginn þarf að hika eitt andartak áður en hann byrjar að bæta heiminn.“

Anna Frank

„Skynsemdarmaðurinn er ekki sá sem gefur réttu svörin, heldur sá sem spyr réttu spurninganna.“

Claude Lévi-Strauss

„Tré og steinar munu kenna þér það sem þú getur aldrei lært af meisturum.“

Bernharður frá Clairvaux (um 1100)

Markmiðin skilgreind

Á þessu stigi getur verið gagnlegt að teikna „vandamálatré“ þess efnis sem ákveðið var að fjalla um. Það er gott til að beina athyglinni að rótum vandamálsins og til að öðlast skilning á þeim þáttum sem valda tilteknu vandamáli. Síðan getið þið ákveðið að líta frekar á einn þeirra þátta sem eru „rót“ vandans en að snúa ykkur beint að upphaflega vandamálinu.

- Byrjið á því að skrifa vandamálið sem fást á við á miðjuna á stóru pappírblaði.
- Þar fyrir neðan skrifið þið alla þá þætti sem valda vandanum, og eru rætur upphaflega vandamálsins.
- Síðan takið þið hverja rót fyrir sig og rekið orsakir hennar, með tilliti til þáttanna sem valda vandanum.
- Haldið áfram með hverja rót þar til ekki verður komist lengra; rætur trésins liggja kannski dýpra en þið hélduð í upphafi.
- Einnig má halda áfram með „greinar“ trésins á sama hátt; þær eru þá einkenni upphaflega vandamálsins. Ef til vill kemur í ljós að það sem þið lögðuð upp með sem aðaláhyggjuefnið er í rauninni rót eða grein á öðru tré.
- Þegar þessu er lokið skuluð þið líta aftur á tréð. Ættuð þið að ráðast í verkefnið sem þið hugsuðuð ykkur upphaflega eða einbeita ykkur fyrst að einhverjum orsökum? Hefur tréð hjálpað ykkur að finna leiðir til að fást við þetta vandamál?

Hvernig komumst við þangað?

Áætlunargerð

Þegar þið hafið fengið skýra mynd af möguleikum hópsins og ákveðið hvaða vandamál þið ætlið að fást við er komið að því að finna út hvaða leiðir henti best til að ráðast að vandamálinu.

Þið þurfið að hafa í huga;

1. Það tiltekna vandamál sem þið ætlið að fást við: *hvað kom út úr æfingunni með „vandamálatréð“?*
2. Markhóp ykkar: *á hverja ætlið þið að hafa áhrif?*
3. Hvaða breytingar þið viljið sjá hjá markhópnum: *íhugið hvað þið viljið að hann geri eða hugsí í framhaldi af aðgerðum ykkar.*
4. Hvernig ætlunin er að koma þessum breytingum á: *veltið fyrir ykkur hvað er líklegt til að hafa áhrif á markhópinn.*
5. Hvaða aðferðir þið getið notað til að þessar breytingar verði að veruleika: *veltið fyrir ykkur ýmsum aðgerðum sem lýst er í 1. hluta og öðrum hugmyndum sem þið kunið að hafa sjálf. Hvaða aðferð er best að beita við þessar aðstæður?*

Farið í gegnum öll stig áætlunarinnar (sjá skýringarmynd 2) og ræðið hvert stig innan hópsins. Samkomulag verður að vera um alla þætti áætlunarinnar: ef einhverjir í hópnum eru óánægðir með framtakið er hætta á því að dýrmætum kröftum sé sóað.

Gott skipulag

Áður en hafist er handa þarf loks að gera aðgerðaáætlun til að ákveða hvernig átakið skuli skipulagt. Ef þetta er ekki gert er hætta á að einhver mikilvæg verk gleymist og það getur komið illa niður á markmiðunum sem svo vandlega er búið að skilgreina.

„Markmiðið er ekki alltaf sett til að ná því, heldur til að ákveða að hverju skuli stefna.“

Joseph Joubert

Þið verðið að ákveða:

- Hvaða verk þarf að vinna.
 - Hver skuli sjá um hvaða verk.
 - Hvenær þeim verður lokið.
1. Skrifid allt niður til að sjá hvernig áætluninni miðar. Þið þurfið tvö stór pappírblöð og merkipenna.
 2. Gætið þess að öllum sé ljóst hvaða efni er til umfjöllunar. Veljið einn til að vera ritari. Skrifid fyrirsögn efst á pappírblaðið. Notið hugarflug til að gera lista yfir öll verkin sem þarf að vinna og skrifid þau á annað blaðið svo að allir sjái.
 3. Ef þið eruð að undirbúa viðburð skuluð þið hugsa hann til enda, reynið að sjá fyrir ykkur hvernig dagurinn verður og gætið þess vandlega að hugsað hafi verið fyrir öllu.
 4. Farið svo yfir listann og ákveðið hvort vinna þurfi verk núna, bráðum eða síðar. Skrifid N, B, eða S við verkin eins og við á.
 5. Notið hitt blaðið sem „ákvarðanablað“. Skrifid lista yfir öll verk sem þarf að vinna niður eftir blaðinu vinstra megin, skrifid svo hægra megin við þau hver á að sjá um hvert verk. Í þriðja dálkinn setjið þið svo dagsetninguna þegar verkunum þarf að vera lokið.
 6. Skiptið með ykkur verkum: ekki fela einum eða tveimur að gera allt. Hugsið um það sem gæti gerst ef þeir veiktust eða yrðu uppteknir við annað!
- Hér er dæmi um ákvarðanablað.

„Sá getur sem telur sig geta.“

Búdda

Ákvarðanablað

Viðburður: Útifundur um réttindi minnihlutahópa		
Verk	Hver vinnur það	Hvenær
Útbúa dreifiblöð	Sunna, Jónas, Nanna, Benni	Fundir 10. og 17. september
Skipuleggja kynningar	Ragna, Benni	Eftir 20. september
Útbúa borða / spjöld	Allir	Í vikunni sem byrjar 24. september
Kaupa efni í borða o.s.frv.	Silja, Karen, Ívar	Í vikunni sem byrjar 17.
Vekja áhuga almennings	Silja, María, Tanja	Í vikunni sem byrjar 17.
Hafa samband við bæjarstjórn	Daníel, Siggi	Þegar dagsetning er staðfest
Láta lögregluna vita	Daníel, Siggi	
Reyna að fá áhrifafólk til að mæta		
Láta minnihlutahópa vita		
Undirbúa ræður		
Útvega veitingar		
Þrifa til á eftir		

Skýringarmynd 2

AÐ SKIPULEGGJA AÐGERÐIR

Hvaða vandamál viljið þið fjalla um?

- að fólk krefst ekki réttar síns
- að pyndingar eiga sér stað
- að x er samviskufangi í...
- að y er ólöglega við völd
- að þjófbarbot sætir mismunun
- að ríkisstjórnin styður viðskipti með geryðingarvopn

Hvaða breytingar vonist þið til að sjá?

- vitundarvakningu í markhópnum
- breytingu á almenningsálitinu
- aukna færni hópsins
- aukna þátttöku annarra
- umfjöllun fjölmiðla
- nýja löggjöf
- embætti umboðsmanns
- að óréttlæti sé leiðrétt
- umræðu um málið

Hvaða aðferðir ætlið þið að nota til að hafa áhrif á markhópinn?

- senda fréttatilkynningar
- nota Netið
- efna til herferða eða opinberra fjöldafunda
- senda póst, búa til bæklinga og veggspjöld
- birta auglýsingar eða upplýsingar
- birta greinar, tölfræðilegar upplýsingar
- efna til götumótmæla
- halda námskeið, umræðufundi, vinnufundi
- senda bréf til stjórnvalda

Hver er markhópur ykkar?

- ungt fólk
- íbúar í sveitarfélaginu
- mæður
- stjórnámálamenn
- viðskiptageirinn
- alþjóðasamfélagið

Hvernig búist þið við að breytingum verði komið á?

- með rökum/sannfæringarkrafti
- með því að vekja sterk viðbrögð fólks; hræða það
- eftir löglegum leiðum
- með kosningum/almennri atkvæðagreiðslu
- með aukinni árvekni
- með því að markhópurinn skynji styrk sinn
- með upplýsingum um einstök mál
- með almennum þrýstingi; hagsmunagæslu
- með alþjóðlegum þrýstingi